

Minnisblað

Dagsetning: 28.11.2023
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun vistgerða 2023 – Sundhnúksröð

Úttekt var unnin á ‘mosahraunavist’ við Sundhnúka sumarið 2023. Mosahraunavist einkennist af mikilli gróðurþekju þar sem mosi er algjörlega ríkjandi. Hraungambri einkennir vistgerðina og æðplöntur eru strjalar, en af þeim eru smárunnar algengastir. Vistgerðin er mjög áberandi á Reykjanesskaga, en hana má einnig finna við Heklu og í Eldhrauni.¹ Gróðurmælingar voru framkvæmdar með það að markmiði að athuga hvort breytingar sem hafa átt sér stað á svæðinu frá því síðasta úttekt var framkvæmd árið 2013, hvort sem um er að ræða brotthvarf eða aðkomu plöntutegunda, breytingar á gróðurfélagi eða breytingu á vistgerð.

Framkvæmd

Sundhnúksröðin var heimsótt þann 19. júlí 2023 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Gróðurmælingar voru framkvæmdar samkvæmt leiðbeiningum NÍ um vöktun vistgerða. Við Sundhnúksröð var úttekt unnin á tveimur sniðum (RN-07-02 og RN-07-03) út frá settum GPS hnitum. Tvö GPS hnit voru tileinkuð hverju sniði, voru þau merkt með hælum og 40 metra málband lagt niður á milli þeirra. Engir varanlegir hælir sáust hins vegar frá mælingunni sem gerð var 2013 og engir hælir voru skildir eftir að þessu sinni. Fimm metrar voru síðan mældir báðu megin við GPS hnitin, hornrétt á málbandið, og hælir notaðir til þess að afmarka sniðið, þá 10x40 metrar (1. mynd). Þegar staðsetning og lega sniðanna var tilbúin var notast við staðsetningu smáreita frá gróðurúttektinni árið 2013. Árið 2013 voru átta smáreitarhnit, en í ár var ráðgert að nota einungis sex þeirra (hnitum nr. 2 og 7 var sleppt). Jarðvegsdýpt var mæld við alla smáreiti og jarðvegsbor var hafður til handa, en engan jarðveg mátti finna á sniðum og því engin jarðvegssýni tekin til frekari greiningar. Yfirlitsmyndir voru teknar af hverju sniði auk þess sem ljósmyndir voru teknar af smáreitum. Lega reits, jarðvegsraki og jarðvegsgerð voru metin, ásamt því að mæla gróðurhæð í hverju horni smáreits. Skráð var niður heildarþekja, æðplöntuþekja, grýtniþekja, mosapekja og fléttuþekja skv. Braun-Blanquet kvarða. Tegundir æðplantna voru einnig greindar innan smáreitanna og skráðar skv. Braun-Blanquet. Allt sniðið var síðan skoðað og allar þær tegundir sem ekki fundust í smáreitum voru einnig skráðar. Plöntuhandbók Harðar Kristinssonar var notuð til tegundagreiningar. Sýni voru tekin af plöntum sem erfitt reyndist að greina á vettvangi og voru þau varðveitt og fullgreind síðar á rannsóknarstofu. Að lokum voru vistgerð og gróðurfélag hvers sniðs skráð. Til að framkvæma þessar mælingar voru ýmis tól notuð; hælir, málband, 33x100 cm rammi (fyrir smáreiti), GPS tæki, tommustokkur, myndavél (sími), plastpokar, jarðvegsbor, dýptarmælir, tveggja metra mælistika og sleggja.



1. mynd. Yfirlitsmynd af sniði RN-07-02.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að setja inn allar upplýsingar í gagnagrunn NÍ og vista allar ljósmyndir í ljósmyndaforritinu FotoWare. Náttúrufræðistofnun Íslands sér um ítarlegri greiningu gagnanna en hér eru helstu niðurstöður sem Náttúrustofan gerir grein fyrir:

Þegar sniðin eru borin saman á milli árána 2013 og 2023 hafa jarðvegsraki og jarðvegsgerð ekki breyst. Gróðurfélag í sniði RN-07-02 er enn hið sama, 'mosi með smárunnum' (A4).¹ Þar mátti finna krækilyng, grasvíði og gulvíði bæði mælingarárin, en árið 2013 var einnig skráð bláberjalyng og árið 2023 var skráður fjalldrapi. Snið RN-07-03 hefur einnig haldist óbreytt og er skilgreint sem 'mosi með smárunnum'.¹ Bæði mælingarárin mátti finna þar krækilyng og grasvíði. Eins og komið hefur fram eru vistgerðir sniðanna skráðar sem 'mosahraunavist' og stendur það enn í dag. Finna má þær plöntur sem einkenna mosahraunavist, s.s. ríkjandi hraungambra, smárunna og aðrar lágvaxnar plöntur (2. mynd). Í sniði RN-07-02 voru 10 æðplöntutegundir og 8 þeirra voru einnig til staðar árið 2013, en í ár mátti einnig finna fjalldrapa og stinnastör. Hins vegar voru fjórar æðplöntutegundir á sniðinu árið 2013 sem ekki voru til staðar í ár, bláberjalyng, blásveifgras, þrílaufungur og blávingull. Í sniði RN-07-02 voru 11 æðplöntutegundir og 6 þeirra voru einnig til staðar árið 2013, en í ár mátti einnig finna blávingul, toppasteinbrjót, þúfusteinbrjót, músareyra og þrílaufung. Árið 2013 voru 8 tegundir á sniðinu, af þeim voru túnsúra og stinnastör ekki lengur til staðar árið 2023.



2. mynd. Hraungambri og smárunnar í smáreit númer 1 á sniði RN-07-02.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Ekki hafa orðið miklar breytingar á gróðurfari sniðsins síðastliðin tíu ár. Æskilegt væri þó að halda áfram vöktun á svæðunum eftir önnur 10 ár.

Heimildir

1. Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s.